

Alþingi  
Erindi nr. P 131/107  
komudagur 16.11.2004

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. nóvember 2004.

**Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um fórnarlamba- og vitnavernd, 131. löggjafarþing 2004-2005, þskj. 13 – 13. mál.**

Laganefnd LMFÍ hefur haft ofangreint frumvarp til athugunar. Tilgangur þess er að bæta réttarstöðu fórnarlamba mansals með svokallaðri fórnarlamba- og vitnavernd. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins eru ákvæði þess takmörkuð við útlendinga, sem eru fórnarlömb mansals og hafa verið vistaðir ólöglega hér á landi. Helsta úrræðið fyrir þennan hóp er samkvæmt frumvarpinu skilyrtur réttur til tímabundins dvalar- og atvinnuleyfis hér á landi, sbr. 1. mgr. 2. gr., svo og réttur til margskonar aðstoðar samkvæmt 4. mgr. 2. gr.

Íslensk lög hafa þegar að geyma ákvæði um þau atriði sem frumvarpið varðar, þar með um útlendinga, dvalar- og atvinnuleyfi slíkra aðila, mansal og vitnavernd. Mansal er í dag lýst refsivert í 227. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 5. gr. laga nr. 40/2003, ákvæði um vitnavernd er að finna í 8. mgr. 59. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 2. gr. laga nr. 86/2004. og fjallað er um útlendinga og dvalar- og atvinnuleyfi þeirra annars vegar í lögum nr. 96/2002 um útlendinga og hins vegar í lögum nr. 97/2002 um atvinnuréttindi útlendinga.

Laganefnd LMFÍ tekur ekki afstöðu til þess hvort þörf er á lögum eða lagaákvæðum, sem veiti fórnarlömbum mansals frekari vernd eða réttindi, en felast í áður nefndum lögum eða eftir atvikum öðrum lögum, sem ekki hefur verið vísað til. Sé það hins vegar mat löggjafans að þörf sé á frekari ákvæðum til verndar þessum hópi þá telur laganefndin eðlilegt að þeim lögum eða lagaákvæðum, sem þegar eru í gildi og varða málefnið, verði breytt, fremur en að sett verði sérstök lög um fórnarlamba- vitnavernd. Þannig telur laganefndin að eðlilegt sé að mæla fyrir um vitnavernd fórnarlamba mansals í þeim lögum, sem gilda um meðferð mansalsmála fyrir lögreglu og fyrir dómstólum, þ.e. í lögum um meðferð opinberra mála. Á sama hátt telur nefndin rökrétt að fjallað sé um rétt fórnarlamba mansals til dvalar- eða atvinnuleyfis hér á landi í þeim lögum sem um slík leyfi gilda, þ.e. lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga.

Þótt hugtakið vitnavernd eigi sér ekki langa sögu í íslenskum lögum þá verður að telja nokkuð skýrt hvað í slíkri vernd felst miðað við núgildandi lög, sbr. áður nefnda 8. mgr. 59. gr. laga nr. 19/1991. Í ofangreindu frumvarpi er hugtakið ýmist notað eitt og sér og þá með nokkuð öðrum hætti en í 8. mgr. 59. gr. laga nr. 19/1991, eða þá að hugtakið er samtengt fórnarlambaverndinni. Þannig segir meðal annars í upphafsorðum 1. málsliðar 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins: “Í fórnarlamba- og vitnavernd felst að útlendingi sem er fórnarlamb mansals og hefur verið vistaður ólöglega á Íslandi skal gefinn kostur á sérstöku tímabundnu dvalar- og atvinnuleyfi hér á landi...”. Í sömu málsgrein er mælt fyrir um það að fórnarlambaverndin gangi framur vitnaverndinni. Fórnarlamba- og vitnavernd er samkvæmt þessu skilgreind í frumvarpinu sem ein heild, en jafnframt gefið til kynna

að á þessu tvennu sé eðlismunur og þá vitnað til viðtekinnar skilgreiningar á vitnavernd samkvæmt nágildandi lögum. Þetta eru ekki góðir lagasetningarhættir að mati laganefndar LMFÍ og til þess fallið að valda misskilningi.

Að því er varðar ákvæði frumvarpsins um vitnavernd sérstaklega, þá vísar laganefndin til athugasemda nefndarinnar við frumvarp að lögum um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, sbr. 130. löggjafarþing 2003-2004, þskj. 1329, 871. mál, þar sem það sjónarmið var meðal annars sett fram, með vísan til dómsúrlausna Mannréttindadómstóls Evrópu, að beita verði ákvæðum um vitnavernd af varfærni.

Laganefndin bendir ennfreður á að skilgreining mansals samkvæmt 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er ekki sú sama og í 227. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Það er mat nefndarinnar að heppilegast sé að skilgreina hugtakið með sama hætti hvar sem það kemur fyrir í lögum, þannig að merking þess sé sem skýrust.

Virðingarfyllst,

f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

---

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl., formaður